

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn er sammála því að veita nýtt leyfi til GSM-fjarskipta á tíðnisviði 900 MHz.

Minni hlutinn telur að í ljósi þess að einungis er pláss fyrir eitt leyfi til viðbótar þeim sem fyrir eru (Landssíminn, TAL) á því tíðnisviði miðað við núverandi tækni eigi að úthluta því á annan hátt en tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir.

Í ljósi þess að leyfi á 900 MHz tíðnisviðinu er verðmætt og afhending þess er úthlutun á takmörkuðum gæðum telur minni hlutinn að réttara hefði verið að bjóða leyfið út í stað þess að afhenda það einum umsækjanda á fyrir fram ákveðnu verði. Minni hlutinn vill taka fram að það er erfitt fyrir stjórnvöld að meta þetta leyfi til verðs eins og lagt er til í tillögum meiri hlutans, auk þess sem erfitt verður fyrir stjórnvöld að gera upp á milli umsækjenda sækni fleiri en einn um leyfið.

Miðað við þá tækni sem nú þekkist er mun ódýrara að koma upp dreifikerfi á 900 MHz tíðnisviðinu en t.d. 1800 sökum þess að til þess að koma upp dreifikerfi á því tíðnisviði þarf mun fleiri stöðvar. Það er því ljóst að úthlutun síðasta leyfisins á þessu tíðnisviði er úthlutun á verulegum verðmætum miðað við þá tækni sem nú þekkist. Hvort framtíðin ber það í skauti sér að mögulegt verði að úthluta fleiri leyfum á þessu tíðnisviði er atriði sem ekki er hægt að taka afstöðu til nú og því ekki raunhæft að bera það fyrir sig í þessari umræðu.

Að öllu þessu samandregnu er það skoðun minni hlutans að í tilvikum eins og þessu þar sem verið er að úthluta takmörkuðum gæðum sé eðlilegast að úthluta þeim á eins hlutlægan hátt og kostur er. Þá er það skoðun minni hlutans að markaðurinn sé færari um að meta þetta leyfi til raunvirðis en stjórnvöld. Það má því spyrja hvort stjórnvöld séu með þessari ákvörðun að afhenda opinbert leyfi á verði sem er langt undir því sem markaðurinn er tilbúinn að borga. Svar við þeirri spurningu fæst ekki að þessu sinni verði hugmyndir meiri hlutans að veruleika því í ákvæðinu er gert ráð fyrir föstu verði.

Það er skoðun minni hlutans að þau leyfi sem þegar hafa verið veitt skapi ekki fordæmi fyrir það leyfi sem stjórnvöld hyggjast nú veita. Aðstæður þá voru aðrar, auk þess sem leiða má líkur að því að leyfin hafi verið allt of ódýr ef mið er tekið af þeim tekjum sem nýting þessara leyfa skilar þeim fyrirtækjum sem þau hafa. Það er því skoðun minni hlutans að vafasamar aðgerðir fortíðar eigi ekki að vera fordæmi fyrir nútíð og framtíð.

Þá er vert að benda á að í þeim tillögum sem svokölluð auðlindanefnd sendi nýlega frá sér er lagt til að meginreglan verði útboð þegar að því kemur að úthluta takmörkuðum verðmætum. Minni hlutinn tekur undir þá grundvallarhugmynd.

Þá má enn fremur benda á að í leyfisskilmálunum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að leyfishafi skuli innan ákveðins tíma hafa komið upp dreifikerfi sem nær til u.þ.b. 80% landsmanna. Ef svæðið frá Hvolsvelli að Borgarnesi er tekið, auk Vestmannaeyja og Akureyrar, verður þessu markmiði auðveldlega náð. Það liggur hins vegar fyrir að nú þegar eru tvö

dreifikerfi á þessum svæðum, þ.e. Landssíminn og TAL, og því má velta því fyrir sér hvort ekki væri rétt að gefa nýju fyrirtæki möguleika á því að byggja sig upp með svokölluðum reikisamningum við hin símafélögin í stað þess að gera ónauðsynlega fjárfestingu að skilyrði. Þá má enn fremur velta fyrir sér þeirri spurningu hvort ekki ætti frekar að gefa nýju félagi kost á að byggja upp dreifikerfi á svæðum þar sem ekkert kerfi er fyrir í stað þess að binda skilyrðin við að byggja upp kerfi fyrir 80% landsmanna þar sem tvö kerfi eru fyrir. Það er spurning hvort réttlætanlegt sé að gera kröfu um jafnónauðsynlega fjárfestingu í ljósi veruleikans, en tvö kerfi eru fyrir.

Alþingi, 7. des. 2000.

Lúðvík Bergvinsson,
frsm.

Kristján L. Möller.